


BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 140/1468

komudagur 8.3.2012



Nefndarsvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,
ritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. mars 2012
EBG/hó

Efni. Frumvarp til laga um meðferð einkamála (flýtimeðferð mála um gengistryggð lán), þskj. 377 - 320. mál á 140. löggjafarþingi
Tilv. 2012030002

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 5. mars 2012.

Engin vanþörf er á að ágreiningur um gengistryggð lán megi sæta flýtimeðferð. Hingað til hefur tekið of langan tíma að leysa úr slíkum ágreiningi og enn eru of mörg álitamál uppi. Það að svo mörg ágreiningsmál séu enn óleyst, tefur óhjákvæmilega fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu einstaklinga og fyrirtækja. Margir bændur eru þar á meðal, t.d. vegna fjárfestinga, bæði í tækjum og til enduruppbyggingar. Bændasamtökin mæla eindregið með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt

f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson lögfr.